

15. gr.

Sé flugvélavirki ekki að staðaldri á þeim stað, sem loftfar er gert út frá, skal flugmaður þess sanna, að hann hafi hlotið fullnægjandi þekkingu á daglegri skoðun þess.

16. gr.

Loftferðafyrirtæki ber að haga flugrekstri sínum í samræmi við skilyrði, sem sett eru í leyfisbréfinu.

17. gr.

Viðurlög við brotum á reglugerð þessari eru hin sömu og greinir í XIII. kafla laga um loftferðir, nr. 34 21. maí 1964.

18. gr.

Eigi síðar en tveimur mánuðum eftir gildistöku reglugerðar þessarar skulu allir þeir, sem öðlast hafa leyfi til flugrekstrar samkvæmt eldri ákvæðum, sækja um endurnýjun leyfisins samkvæmt reglugerð þessari, ella fellur leyfið niður.

Þetta nær þó ekki til þeirra flugfélaga, sem halda uppi reglubundnu áætlunarflugi á erlendum flugleiðum til og frá Íslandi, samkvæmt tvíhliða loftferðasamningum, né heldur til þeirra félaga, sem starfrækja reglubundið áætlunarflug innanlands og hafa til þess sérleyfi.

19. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 34 21. maí 1964 og öðlast hún gildi 1. maí 1973, og falla þá úr gildi reglur um fyrirtæki, er starfa að loftflutningum nr. 13 22. janúar 1947.

Samgönguráðuneytið, 20. marz 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

6. apríl 1973.

Nr. 92.

AUGLÝSING

um skiptingu kennslustunda milli námsgreina á skyldunámsstigi skólaárið 1973—1974.

1. Auglýsing þessi tilgreinir þann ramma, sem miða skal við, þegar stundaskrá nemenda í skyldunámi skólaárið 1973—1974 er ákveðin. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 90 frá 5. apríl 1972.
2. Neðangreindur stundaskrárramminn tiltekur það meðaltal kennslustunda, sem hver nemandi skal fá á viku hverri. Undantekning frá þessu er þó neðsta lína töflunnar, „Kennarastundir til ráðstöfunar“, sbr. 3. lið.
3. Auk þeirra nemendastunda, sem stundaskrárramminn tilgreinir, fær skóli kennarastundir til ráðstöfunar sem hér greinir miðað við hverja „hliðstæðu“ fullskipaðra bekkjardeilda (a. m. k. 25 nemendur að meðaltali í deild):
 - a) í 1.—3. bekk, samtals 1 stund á viku,
 - b) í 4.—6. bekk, samtals 1 stund á viku,
 - c) í 7.—8. bekk, samtals 1 stund á viku.

Þessar stundir má skóli nota m. a. til þess að skipta bekkjardeild í kennslu eða til frjáls viðbótarnáms, án þess að föst stundaskrá nemenda lengist fyrir vikið.

4. Um frávik frá því, sem tilgreint er í stundaskrárrammanum, gilda ákvæði Námskrár fyrir nemendur á fræðsluskyldualdri, útg. af menntamálaráðuneytinu 1960. Auk þess getur menntamálaráðuneytið veitt sérstakar undanþágur eða fráviksheimildir, ef rökstuddar óskir berast um slíkt.

Skipting stundaskrár.

	Bekkur							
	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.
Móðurmál (þ. á. m. lestur og skrift)	10	10	10	10	9	8	6	5
Reikningur/stærðfræði	4	4	4	4	5	5	5	5
Áttahagafræði	3	4	4					
Kristin fræði				2	2		2	
Saga og félagsfræði				2	1½		2	2
Landfræði				2	1½	7	2	2
Líffræði/náttúrufræði				2	1½		2	2
Eðlis- og efnafræði					1½		2	2
Danska					2	3	3	4
Enska ¹⁾						3	4	5
Tónmennt	1	1	1	1	1	1	1	1
Handavinna			2	2	2	3	2—4	2—4
Teiknun				2	2	2	2	2
Heimilisfræði							0—4	0—4
Íþróttir ²⁾	2	2	2	3	3	3	3	3
Til ráðstöfunar	1	1	1	1	1		2	3
Vikulegar kennslust./nem alls ³⁾	21	22	24	31	33	35	38	38
Vikulegar kennslust. í mínútum ³⁾	840	880	960	1 240	1 320	1 400	1 520	1 520
Kennarastundir til ráðstöfunar	1			1			1	

Skýringar: 1) Skólum er ekki skylt að kenna ensku í 6. bekk, enda þótt slík kennsla sé talin æskileg, m. a. vegna framhaldsnáms í greininni í 7.—9. bekk. Kenni skóli ekki ensku í 6. bekk, skulu þær kennslustundir, sem um ræðir, 3 stundir á viku, lagðar til annarra námsgreina.

2) Við tilgreinda íþróttatíma bætist sund.

3) Heimilisfræði og sund eru ekki meðtalin í summunni.

Menntamálaráðuneytið, 6. apríl 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.